

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Erlendu börnin í kvennaathvarfinu – hvað segir mamma?

Nafn styrkþega: Samtök um kvennaathvarf

Útdráttur: Markmiðið var að ræða við mæður 15 barna sem skilgreindu þjóðerni sitt erlent, mæðurnar dvöldu í athvarfinu á tímabilinu 1. júlí 2019 - 1. júlí 2020. Börnin voru á aldrinum 0-16 ára og dvöldu mis lengi í athvarfinu, allt frá nokkrum dögum uppí nokkra mánuði. Helstu niðurstöður voru þær að misjafnt er hvort leik-og grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu hafi skýrt verklag ef upp kemur heimilisofbeldi í garð barns eða grunur um slíkt. Sjá nánari samantekt í skýrslu. Flest börnin höfðu upplifað bæði andlegt (80%) og líkamlegt (47%) ofbeldi á heimili sínu og ofbeldið hafði staðið yfir mestan hluta ævi barnanna. Af þeim börnum sem spurningin átti við (vegna aldurs/proska þeirra) þá sögðu 60% mæðranna að barnið ætti einhvern til að tala við. 70% barnanna eiga góðan vin í skólanum að sögn móður, 70% hefur fengið vin með heim eftir skóla, 50% stundar skipulagðar íþróttir en ekkert barnanna stundar tónlistarnám. Mæðravernd á heilsugæslunni var meðvituð um heimilisofbeldið í 30% tilfella af þeim svörum þar sem spurningin átti við. Ein kona (33%) sagði „já“ við spurningunni um hvort mæðravernd hefði gert eitthvað til að aðstoða konu og/eða barn á meðgöngu, kringum fæðingu og fyrsta árið eftir fæðingu barnsins vegna ofbeldisins. Í 100% tilfella var leikskóli/grunnskóli barnsins meðvitaður um heimilisofbeldið (13 af 15 mæðrum sögðu „já“, en 2 mæður sögðu að spurningin ætti ekki við). Í 69% þeirra tilfella (9 mæður af 13) hafði leikskólinn aðstoðað barnið vegna þess að það býr á ofbeldisheimili. Ofbeldið hafði verið tilkynnt til barnaverndar í 93% tilfella og 43% kvennanna mátu það svo að barnavernd hefði veitt sér og/eða barninu aðstoð vegna heimilisofbeldisins. Alls sögðu 47% mæðranna að ofbeldið sem barnið hefur orðið fyrir hafi verið skráð hjá lögreglu.

Name of the project: : Children of foreign origin living at the Women's Shelter

Name of grantee: The Women's Shelter

Project description: The aim was to talk to the mothers of 15 children who defined their nationality foreign, the mothers stayed in the Shelter between July 1st 2019 - July 1st 2020. The children were aged 0-16 and stayed in the Shelter for different amount of time; from a few days up a few months. The main results were that it varies whether pre-schools and primary schools in the capital area do have clear procedures in the event of domestic violence against a child or a suspicion of such. See further summary in report. Most of the children had experienced both mental (80%) and physical (47%) violence in their home and the violence had lasted for most of the children's lives. Regarding questions on children's quality of life it seems that majority of the children have someone to talk to or 60%, 70% of the children have a good friend at school, 70% have had a friend come over after school, 50% do organized sports but none of the children study music. Maternity protection was aware of domestic violence in 30% of the cases. One woman (33%) said "yes" to the question whether maternity protection had done anything to help a woman and / or a child during pregnancy, at birth and in the first year after the birth of the child because of the violence. In 100% of cases, the child's preschool / primary school was aware of the domestic violence, in 69% of those cases the preschool had assisted the child because he or she lives in a violent home. The violence had been reported to child protection in 93% of cases and 43% of the women estimated that child protection had provided them and / or the child with assistance due to the domestic violence. A total of 47% of the mothers said that the violence that the child had suffered had been registered with the police.